


Samþykkt þann
2 8 FEB. 2000
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson

Byggingarlýsing. Sörlaskeið 31, Hafnarfirði.

Um er að ræða steinsteypt hesthús, einangrað og klætt að utan með loftræstri járnklæðningu.

Sökklar: Steinsteyptir á hraunfyllingu (20cm á þykkt).

Útveggir: Steinsteyptir 15cm á þykkt, pokapússaðir að innan. Einangraðir að utan með 50mm steinull og klæddir loftræstri járnklæðningu. Klæðningin er fest á gagnvarða timburgrind 50x100mm.

Botnplata: Steinsteypt 12cm á þykkt . Yfirborð verður kústað. Gólf í stíum er fyllt með grús.

Brunahólf: Húsinu er skift niður í 3 brunahólf með 15 cm þykkum steinsteyptum veggjum (REI60). Veggir á milli hlaðna og hesthúsa eru steinsteyptir 12cm (REI60) Brunaveggir skulu ná upp að klæðningu á þaki

Þak: Byggt upp af timbursperrum 50x225mm og heilklætt með 1"x6". Einangrað með 100mm rakavarinni steinull, festri með 2mm stálþræði c/c 300mm. Einangrun skal Rakavarin. Loftaklæðning skal vera í flokki 1.

Léttir veggir: Byggðir upp af blikkstoðum og gifsplötum.

Loftræsting: Herbergi og svæði sem liggja að útvegg eru loftræst um opnanlega glugga. Lokuð innrými eru loftræst í gegnum blikkstokka, sjálftrekkjandi eða með vélrænni loftræstingu eftir því sem við á.

U-gildi einstakra byggingarhluta skal ekki yfirstíga eftirfarandi hámarksgildi: þak 0,3, Útveggir 0,4, gluggar 3,0. Gólf 0,4. Engin krafa er um vegið meðaltal útveggs.

sorpgeymsla er forsteypt og staðsett samk. teikningu.

Taðþró: Ekki er gert ráð fyrir sérstakri taðþró. Gert er ráð fyrir að nota þjónustu gámaþjónustubíls. En gámaþjónustan mun leggja til sérútbúinn gám sem fluttur er á staðinn og fylltur af taði og fjarlægður samdægurs.

lr. táknar loftræstingu
gn. táknar gólfniðurfall.

| | |
|---|---|
| Flatarmál lóðar er | 1320.4m2 |
| Flatarmál hesthúss er | 323,8m2 |
| Nýtingarhlutfall er | 0,25 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ZEPPELIN<br>ARKITEKT: ORRI ÁRNASON kt. 080864-5749<br>SÍÐUMÚLI 20, 108 REYKJAVÍK s. 5533640 fax. 5680868 | SÖRLASKEIÐ 31. HAFNARFIRÐI | MKV. 1:100 / 1:500 TEIKN. NR.<br>DAGS.15.02.2000 | 1 |
| | Eig. Sigurður Örn Sigurgeirsson | BREYTING. nr.<br>DAGS. | |